

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hornafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 688/1994.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 34. gr. samþykktarinnar koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundar skal fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og skrifarar eða a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu vera í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. nóvember 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

7. nóvember 1996

Nr. 595

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði á Baughslíð gagnvart umferð um Álfahlíð og Álfatanga
2. að biðskylda verði á Arnarhöfða gagnvart umferð um Baughslíð
3. að biðskylda verði á Blikahöfða gagnvart umferð um Arnarhöfða
4. að biðskylda verði á Fálkahöfða gagnvart umferð um Arnarhöfða.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. nóvember 1996.

Böðvar Bragason,
e.u.

Sturla Þórðarson.